



Flugslysaæfingin Þórshöfn 2013



Lokaskýrsla



Þessari skýrslu fylgir DVD diskur sem inniheldur:

- Rafrænt eintak af þessari skýrslu.
- Fjölda mynda sem teknar voru á æfingunni
- Hljóðupptöku af rýnifundi sem haldinn var eftir æfinguna



Efnisyfirlit

Inngangsorð.....	3
Orðskýringar.....	4
Handrit æfingarinnar.....	5
Lokaskýrsla æfingastjóra.....	6
Samantekt lærdómsatriða flugslysaæfingarinnar.....	7
Leikarar og förðun – Vigdís Agnarsdóttir.....	9
Aðgerðarstjórn –.....	11
Vettvangsstjóri – Jón Stefánsson varðstjóri.....	12
Ráðgjafi vettvangsstjóra – Kristján Kristjánsson AVD.....	15
Björgunarstjóri – Þórarinn Þórisson.....	17
Heilsugæslan, sjúkraflutningar – Guðrún Hildur og Brynja.....	18
Björgunarsveitin Hafliði – Guðni Örn Hauksson.....	19
Flugturn – Sólveig.....	21
Rauði krossinn – Halldóra Gunnarsdóttir.....	22
Rauði krossinn, fjöldahjálpar, aðstandendur – Jón Brynjar Birgisson.....	24
Heilbrigðisstarfsmenn – Bára Benediktsdóttir og Björg Sigurjónsdóttir.....	26
Slysavettvangur – Eðvald Lúðvíksson, Georg Arnar Þorsteinsson og Veigar Þór Guðbjörnsson.....	28
Rýnifundur starfsfólks Heilsugæslunnar á Þórshöfn eftir flugslysaæfingu 20. apríl 2013.....	30
Matsblað vegna flugslysaæfingarinnar ÞÓRSHÖFN 2013.....	32
Viðrunarfundur í lok flugslysaæfingar á Þórshafnarflugvelli.....	33



Þessi skýrsla er gefin út af Isavia ohf.
Efnisyfirlitið hér að ofan gefur til kynna hverjir eru höfundar einstakra kafla
Umsjónarmenn með útgáfu þessarar skýrslu eru:
Kristján Torfason - kristjan.torfason@isavia.is
Bjarni Sighvatsson - bjarni.sighvatsson@isavia.is



Inngangsorð.

Daganna 18-20.apríl sl.var haldin á og við Þórshafnarflugvöll flugslysaæfingin Þórshöfn 2013.

Æfingin var liður í því skipulagi Isavia að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á öllum áætlunarflugvöllum landsins.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið í samvinnu eða annað að óskum heimamanna.

Heildarskipulag hvernar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Isavia, gefur út fyrir hvern flugvöll.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar.

Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í innra skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í meiri og minni fjárfestingar í hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst að mikið er lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, en án þeirra yrði víða harla lítið úr flugslysaæfingum, nyti þeirra ekki við.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa sem einfaldasta og auðlesna. Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og læri af því....

Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu og undirbúningi hennar svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.

Orðskýringar.

Ráðgjafahópur.

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

Aðgerðarstjórn (AST).

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við viðbragðshópa starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

Vettvangsstjórn (VST).

Vettvangsstjórn er líttill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

Verkþáttastjórar.

Verkþáttastjórar eru undir stjórn vettvangsstjórnar. Þeir sjá um sjálfstæð verksvið, fá bjargir og ráð hjá vettvangsstjórn og upplýsa hana um gang mála.

Björgunarstjóri stjórnar björgunarstörfum á vettvangi, slökkvistörfum, frumgreiningu og leit að fólki.

Aðhlyningarstjóri stjórnar greiningarstöð, sér um sjúkra- og fjöldahjálp, forgangsroðun sjúklinga og ákveður flutning þeirra.

Gæslustjóri sér um lokun og verndun innri svæða (slysstaðurinn) og lokun ytri svæða, umferðastjórnun og almenna gæslu.

Flutningastjóri sér um móttöku bjarga og ákveður biðsvæði, bæði skráningu og skipulagningu. Hann sér um flutning slasaðra af skaðasvæði í greiningu og á sjúkrahús eða annað eftir ákvörðun aðhlyningarstóra.

Lausnaraðilar.

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar- og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru: slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, Rauði krossinn og margir fleiri.

Samhæfingarstöð (SST).

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða t.d. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana manna fólki með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

Handrit æfingarinnar.

Kallmerki	Dragon22
Skrásetningar númer	TF-OIL
Tegund	DHC6
Fjöldi um borð	21

Pegar flugvélin er komin á stutta lokastefnu fyrir braut 02 virðist hún fá á sig skyndilegann og sterkan hliðarvind ásamt sterku niðurstreymi með þeim afleiðingum að hún rekur hægri vænginn í jörðina og brotlendir við og á brautarendanum. Flugvélin brotnar í nokkra hluta og eldar kvikna. Farþegar vélarinnar eru dreifðir um nokkuð stórt svæði og eru margir greinilega mikið slasaðir.

Lokaskýrsla æfingastjóra.

Hér var um að ræða þriðju flugslysaæfingu sem Isavia í samstarfi við hlutaðeigandi aðila stendur fyrir á Þórshafnarflugvelli, en fyrri æfingarnar voru haldnar árið 2003 og 2009. Í ljósi þess er ánægjulegt að sjá framfarir og umbætur sem hafa orðið milli æfinga. Ávalt er þó hægt að finna svigrúm til frekari umbóta, en það er eitt af höfuð markmiðum æfinga sem þessara.

Þátttaka í æfingunni var góð, bæði við undirbúning (fimmtudag og föstudag) sbr. dagskrá æfingarinnar, en ekki síður æfingardaginn sjálfan (laugardag). Að æfingunni komu viðbragðsaðilar á „stór Langanes svæðin“ og voru frá allflestum viðbragðseiningum sem hafa verkskyldum að gegna skv. Flugslysaáætlun Þórshafnarflugvallar. Alls tóku um 120 manns þátt sem skiptust þannig:

- Lausnaraðilar um 70
- Leikarar um 20
- Gestir um 20
- Ráðgjafar 13

Handrit æfingarinnar var á þá leið að tveggja hreyfla flugvél af Twin Otter gerð var á leið til Þórshafnarflugvallar. Þegar flugvélin var rétt að koma inn á suðurenda flugbrautarinnar fékk hún á sig skyndilegan og sterkan hliðarvind ásamt sterku niðurstreymi með þeim afleiðingum að hún rak hægri vænginn í jörðina og brotlenti. Flugvélin brotnaði í nokkra hluta og eldar kviknuðu. Farþegar vélarinnar voru dreifðir um nokkuð stórt svæði og margir greinilega mikið slasaðir. Ljóst var að þörf var á fullum viðbúnaði skv. flugslysaáætlun flugvallarins.

Framkvæmd æfingarinnar miðaðist við aðgerðir á vettvangi fram að því að þolendur væru fluttir frá vettvangi. Heilt yfir gekk æfingin vel og ef velja ætti henni lýsandi einkunnarorð væru *þau skýr vilji og geta heimamanna til að vinna vel saman og gera sitt besta*. Eins og áður sagði er þó alltaf hægt að finna svigrúm til umbóta og hér að neðan eru nokkur atriði út frá sjónarhól æfingastjóra, en að öðru leiti vísast til annarra kafla í skýrslu þessari:

- Nokkuð virðist skorta á fullnægjandi þekkingu sumra viðbragðseininga á skipulagi hópslysa viðbúnaðar: SÁBF, hlutverk & verkaskipting og ferli aðgerða.
- Fulllangan tíma tók að hefja slökkvi- og björgunaraðgerðir og ná markvissu skipulagi aðgerða á slystað.
- Fjarskipti voru framanaf ómarkviss.

Árni Birgisson (æfingarstjóri)

Samantekt lærdómsatriða flugslysaæfingarinnar.

Athugið að hér eru aðeins teknir nokkrir punktar úr skýrslum frá ofangreindri æfingu til þess að draga fram það sem telja má til helstu atriða. Það þurfa ekki að vera sömu atriði sem höfundar skýrslna telja mikilvægasta. Einkum er dregið fram það sem breyta/bæta þarf með tilliti til þess að kerfið virki en ekki ábendingar sem snúa beint að einstökum atburðum sem ekki höfðu bein áhrif á æfinguna. Nauðsynlegt er að lesa nánar skýrslu viðkomandi til þess að fá skýrari mynd af málinu.

➤ **Björgunarstjóri.**

- Björgunarstjóri þarf að hafa aðstoðarmann á vettvangi.
- Spurning hvort björgunarstjóri eigi ekki að koma úr hópi þeirra sem mæta á staðinn í kjölfar útkallsins. Slökkvimaður á velli er á kafi í slökkvistörfum í fyrsta fasa aðgerða.

➤ **Vettvangsstjóri.**

- Björgunarstjóri ætti ekki að vera sá sem annast slökkviviðbragð á vellinum hverju sinni.
- Heppilegra væri að vettvangsstjórn staðsetji sig nærri vettvangi.
- Menn þurfa á læra meiri aga í fjarskiptum.
- Menn sem sjá um stjórnun verkþátta þurfa að fá fræðslu/æfingu í slíkri stjórnun.

➤ **Aðhlyningarstjóri.**

- Rétt væri að gera skrá yfir notkun/þörf búnaðar á SSS á æfingu til að geta gert sér grein fyrir þörfinni seinna.

➤ **Starfsfólk Heilsugæslunnar.**

- Nauðsynlegt er að starfsfólk heilsugæslu sé merkt og einnig hlutverk hvers.
- Koma á skýrari verkaskiptingu/vinnureglum á SLY og SSS.
- Gott væri að fá klukku á vegg flugstöðvar til samræmingar á tímasetningum.
- Fjarskipti og notkun Tetra þarf að æfa reglulega.
- Athuga með lager/staðsetningu á björgum fyrir heilsugæsluna.

➤ **Björgunarsveitin Hafliði.**

- Sveitin þarf að skipuleggja verkaskiptingu betur.
- Almennt þurfa menn að þekkja flugslysaáætlunina betur.

- **Þórshafnardeild Rauða krossins.**
 - Fjölga þyrfti sjálfboðaliðum.
 - Græna svæðið á SSS er mjög lítið og þröngt og spurning hvort rétt væri að flytja þá fyrir á fjöldahjálparstöð með betri aðhlyningu í huga.

- **Ráðgjafi-Fjöldahjálparstöð.**
 - Leitasat þarf við að fjölga Rauðakross félögum í austur Þingeyjasýslum og auka almennt skyndihjálparkunnáttu þeirra.

- **Ráðgjafar heilsugæslu á SLY og SSS.**
 - Setja upp klukku í flugstöð.
 - Bráðaflokkunartaska þarf að vera til á Heilsugæslu.
 - Merkja stjórnendur Heilsugæslu þannig að þeir þekkist á SSS.
 - Auka notkun á heyrnartólum í talstöðvar. Bætir hlustun og minnkar hávaða.
 - Nota þann björgunarbúnað sem til er á vellinum svo sem einangrunardýnur undir slasaða á vettvangi.

- **Ráðgjafar á slysavettvangi.**
 - Kerru undir búnað vantar.
 - Æfa þarf betur allan viðbragðsferilinn. Allt frá boðun, klæðast galla, ásetningu og notkun reykköfunartækja og notkun monitors og handlína.
 - Slökkvibíll verður alltaf að vera í 100% klár til viðbragðs og búnaður hans allur.
 - Björgunarstjóri þarf að vera sýnilegur (merktur) og getur ekki bæði stundað slökkvi/björgunarstörf og stjórnun á sama tíma. Hann þarf einn mann sér til aðstoðar.

- **Ráðgjafi-Vettvangsstjórn.**
 - Auka þarf kunnáttu og æfingu í notkun SÁBF stjórnunarkerfisins.
 - Skoða þarf hvar staðsetningu vettvangsstjórnar er best komið.

Flugslysaæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Leikarar og förðun – Vigdís Agnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

ISAVIA

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í Leikaramiðstöð, á vettvangi og í SSS..

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðstaða til leikarakynningar var ekki góð, vorum á efri hæð félagsheimilis. Plássið var ekki nægilegt og erfitt að koma öllum í sæti þannig að þau sæju á sjónvarpsskjáinn á veggnum. Finna betri aðstöðu fyrir næstu æfingu á Þórshöfn.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Á næstu æfingu þarf að undirbúa betur með þeim sem setja upp vettvang, hvar sjúklingar eiga að vera og hversu margir eiga að vera í klippuverkefnum.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Leikarakynning var haldin fyrir klukkan 20 á föstudagskvöldi. Mættir voru 17 unglingar frá Þórshöfn, Bakkafirði og Raufarhöfn. Von var á 4 leikurum frá Húsavík á laugardegi. Kynningin gekk vel og þátttakendur fóru sáttir heim og enginn hætti við.

Eftir kynninguna urðu 5 unglingar eftir sem vildu læra slysaförðun, þau stóðu sig með eindæmum vel og voru fljót að tileinka sér tæknina. Jón Brynjar frá Rauða krossinum var með mér að kenna þeim, þetta gekk mjög vel.

Leikaramiðstöð var sett upp í Félagsheimilinu klukkan 8:00 á laugardagsmorgun. Við náðum að klára förðun á allan hópinn 20 leikara fyrir klukkan 10:30. Förðunin var í höndum unglिंगanna sem lærðu hjá okkur kvöldið áður. Þau stóðu sig eins og hetjur og gerðu þetta mjög vel undir leiðsögn frá mér og Jóni Brynjari.

Æfingin gekk mjög vel varðandi leikara, engin vandamál komu upp fyrir utan að einn leikari veiktist rétt áður en við héldum á vettvang og það voru yndislegar konur á Þórshöfn sem tóku hann að sér á meðan æfingin stóð yfir. Þau báru björgunarmönnum flestum vel söguna og sögðu að það hefði í flestum tilfellum verið farið vel með þau og útskýrt hvað væri verið að gera.

Kærar þakkir til heimamanna fyrir jákvætt viðhorf til okkar og að bregðast skjótt við beiðnum um mat, aðstöðu, flutning , sunaðgang fyrir leikara og ýmislegt annað.

Sérstakar þakkir fær Slysavarnadeildin á staðnum fyrir morgunverðarhlaðborð fyrir leikarana okkar áður en farið var í æfingu og fyrir alveg hreint frábæra súpu að lokinni æfingu.

Takk fyrir okkur.

Vigdís Agnarsdóttir

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis



Flugslysæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Aðgerðarstjórn -

Aðgerðastjórn var staðsett í stjórnstöð á lögreglustöðinni á Húsavík, sem tekið hefur miklum framförum hvað varðar aðbúnað þeirra sem þar starfa. Í AST mættu fulltrúar frá lögreglu, almannvarnarnefnd, slökkviliði Húsvíkur og svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 12. Vinna í AST gekk vel og skiptu menn með sér verkum samkvæmt SÁBF skipulaginu. Ljóst er að þær æfingar og aðgerðir sem AST á Húsavík hefur tekið þátt í að undanförunu er að skila góðum og vel þjálfuðum mannskap sem kann sitt fag. Þar sem slysið var í nokkurri fjarlægð frá AST var það nokkur prófraun hvernig gengi að hafa yfirsýn yfir verkefnið. AST hafði góða yfirsýn og samskipti við starfseiningar gengu vel. Nýttist einnig vel sú þekking sem fulltrúar í AST búa yfir varðandi staðhætti. Búnaður AST nýttist einnig vel í verkefnum. Þá voru samskipti við SST fumlaut og yfirveguð. Aldrei var of mikið álag á AST sem hefði í raun getað tekið fleiri verkefni að sér svo sem samskipti við fjölmiðla.



Flugslysæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Vettvangsstjóri – Jón Stefánsson varðstjóri

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Vettvangsst., aðgerðarst., björgunarst., flutningsst., aðhlyningast. og gæslustjóri, (Flugturn)

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í lögreglubifreið á flugbrautinni rétt norðan við slysavettvang

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Björgunarstjóri hefði ekki átt að vera sami aðili og sá sem að öllu jöfnu er á slökkvibifreiðinni við landingar flugvéla. Ekki næst í þennan aðila þar sem hann er að vinna við að slökkva elda. Td. ætti að skipa annan hæfan mann úr slökkviliðinu eða úr BJSV. Í þetta hlutverk.

Talningar á slösuðum aðallega út úr SSS var í ólagi. Í ljós kom að slasaðir sem fluttir voru út af SSS komu aftur inn til að fylgjast með sem varð til þess að gæslustjóri missti tókin á talningunni.

Flutningsstjóri áttaði sig ekki vel á því að ósýnilegar flugvélar voru á vellinum tilbúnar til flutnings á slösuðum á sjúkrahús. Hefði aldrei gerst í raun.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Í fyrstu þegar svona slys á sér stað verður gjarnan talsverð ringulreið sem og varð á æfingunni. En fljótlega komst skipulag á hlutina og ágætt rennsli og flæði hvað björgun og flutninga varðar.

Sjúkrabifreið og bifreið BJSV., báðar frá Þórshöfn voru komnar inná slysavettvang löngu áður en búið var að tryggja vettvang. Þarna hefur of mikið kapp hlaupið í menn. Þetta voru fyrstu aðilar á vettvang á eftir flugvallarslökkvibifreið. Engum er heimilt að fara inná slysavettvang fyrr en björgunarstjóri hefur tryggt hann og sent út tilkynningu þess efnis.

Vettvangsstjórn hefði mátt að vera nær slysavettvangi. Kannski hefði vettvangsstjóri átt að vera með fjarskiptamann en í fámenni á stöðum eins og á Þórshöfn er ekki um mikinn mannskap að ræða og því ekki hægt að koma þessu fyrir.

Fjarskiptin voru í nokkuð góðu lagi en of mikið var um það að verkþáttastjórar

kölluðu hver ofaní annan. Það þarf að gefa þeim tíma sem kallar að fá svar frá þeim sem hann kallaði í.

Flutningastjóri var ekki með það alveg á hreinu hvert hlutverk hans var. Hann hefði átt að hafa betri yfirsýn yfir þau flutningstæki sem hann hafði yfir að ráða og miðla þeim eftir þörfum en ekki kalla eftir þeim frá aðhlyningarstjóra. Hann verður góður á næstu æfingu þar sem hann mun eflaust ekki gera sömu mistökin aftur. Engin ástæða til að skipta honum út.

Útkallið sjálf barst lögreglu í gegnum tetra kl.10:45 en ekki fyrr en kl.10:51 með SMS.

Hafa fjarskipti meira í þá átt að á SSS að ekki séu allir sem heyri þau, td. hafa heyrnartól eða lækka í talstöðvum.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur allur var til fyrirmyndar og eiga SAS og SAN menn miklar þakkir skildar. Það er ekki nokkur vafi að allir gengu nokkuð öryggir til verka eftir undirbúninginn og eru miklu betur í stakk búnir til að takast á við þau verkefni sem bíða okkar í framtíðinni.

Ánægjulegt var að starfa að undirbúningi þessa verkefnis með SAS og SAN mönnum. Þeir voru eins og gamlir félagar og vinir og alveg lausir við rembing eða yfirlæti. Án nokkurs vafa vandað og gott lið sem kann mannleg samskipti og klárt í sínu fagi. Sannanlega sólargeislar að sunnan eins og þú orðaðir það í einum af þínum póstum sem þú sendir mér í aðdraganda æfingarinnar.

Æfingin gekk almennt vel, var skemmtileg og allir almennt jákvæðir hvað hana varðar. Samskipti við aðgerðarstjórn var mjög góð og er þetta ómissandi hlekkur í verkefni sem þessu.

Störf aðhlyningarstjóra til fyrirmyndar svo og hans fólks þrátt fyrir mikil þrengsli.

Eftir smá ringulreið í fyrst þá gekk aðgerðin vel. Ágætis flæði og rennsli voru á björgunarstörfum og flutningum.

Góð og hnökralaus samskipti við flugturn og þeirra störf óaðfinnanleg.

Ekki má gleyma að súpan og brauðið var gott hjá hinum fjallmyndarlegu konum í kvenfélaginu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Samskipti við aðgerðarstjórn var mjög góð og er þetta ómissandi hlekkur í verkefni sem þessu.

Störf aðhlyningarstjóra til fyrirmyndar svo og hans fólks þrátt fyrir mikil þrengsli.

Eftir smá ringulreið í fyrstu þá gekk aðgerðin vel. Ágætis flæði og rennsli voru á björgunarstörfum og flutningum.

Góð og hnökralaus samskipti við flugturn og þeirra störf óaðfinnanleg.

Almenn ánægja er með þessa æfingu hjá öllum viðbragsaðilum svo og íbúum á svæðinu.

Við sem komum að þessari æfingu gerum okkur fulla grein fyrir því að í raun mun allt annar gangur verða í sambærilegu og raunverulegu slysi vegna fámennis og langt í næstu bjargir.

Við erum miklu öruggari og betur í stakk búin til að takast á við næstu slys, sem vonandi verða ekki, eftir æfinguna og leiðbeiningar ykkar.

Svona til fróðleiks þá koma fyrstu bjargir til okkar í raunverulegu slysi eftir u.þ.b. 45 mín. Það er sjúkrabifreiðar frá Raufarhöfn og Vopnafirði. Sjúkrabifreið frá Kópaskeri og BJSV. frá Bakkafirði, Vopnafirði, Raufarhöfn, Öxarfirði og Kelduhverfi eftir u.þ.b. 1-1/2 klst. Lögregla frá Vopnafirði eftir u.þ.b. 50 mín og lögregla og BJSV. frá Húsavík eftir u.þ.b. 1.5 klst. Aðrar bjargir eins og sjúkraflugvélar og þyrlur ásamt læknum og hjúkrunarfólki kæmi eftir u.þ.b. 1 og hálf til 2 klst.. Þetta er nokkurn veginn sá tími sem það tekur þessa aðila að koma á staðinn m.v. að veður og færð séu góð. Læknir er á Þórshöfn í c.a. hálf t. og á móti.

Flugslysaæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Ráðgjafi vettvangsstjóra – Kristján Kristjánsson AVD

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögregla, Björgunarsveitir, Slökkvilið

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Við Vettvangsstjórn

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fyrir æfinguna hefði verið gott ef fyrir fram hefði verið sent út efni um SÁBF og hlutverk vettvangsstjórnar til þeirra sem þar áttu að starfa.

Hinsvegjar er það ekki hægt nema vita hverjir eigi að starfa þar og það með einhverjum fyrirvara.

Þetta er liður sem ég tel að hægt sé að laga með betra skipulagi í undirbúninga æfinganna bæði með þeim sem skipuleggja æfingarnar hér fyrir sunnan og heimamönnum.

Vantar frekari almenna þekkingu á SÁBF. Tel að megi bæta með betri og markvissari undirbúningi.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vettvangsstjóri tók ákvörðun um að vera með VST í bíl úti á flugbraut og verður að segja alveg eins og er að það var ekki góð aðstaða. Hinsvegjar er þetta ekki svo slæm lausn ef heppilegur bíll er til umráða. Í áætluninni er reiknað með að flugturninn sé kostur 1 en það er alveg óvíst að það sé besti kostur þar sem flugstöðin er lítil og mikið af mannskap þar á ferðinni og opið upp í flugturn.

Í upphafi gekk vettvangsstjóra illa að ná í Björgunarstjóra og eyddi hann of miklum tíma í að endurtaka köll í talstöðina í stað þess að senda mann út á vettvang og athuga hvað illi því að Björgunarstjóri svaraði ekki.

Hefði mátt senda einn mann í vettvangsferð á slysavettvang til að fá betri stöðu á málum.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Skipulag æfingastjóra á staðnum var mjög gott og voru haldnir tveir góðir og gagnlegir stöðufundir með ráðgjöfum. Viðrunarfundur var góður og markviss.

Æfingin gekk vel í heild sinni og vettvangur krefjandi og vel upp settur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Vettvangsstjóri stóð sig einstaklega vel í öllum undirbúning og aðdraganda æfingarinnar og var boðinn og búinn til að leysa úr öllum vandamálum .

Mjög mikill áhugi hjá öllum og jákvæðni fyrir verkefninu sem skilaði sér í að þrátt fyrir vandamál sem fyrr eru talin upp gekk úrlausn verkefnisins vel.

Samskipti VST við verkþáttastjóra gengu almennt vel og þrátt fyrir að allir væru kannski ekki með sitt hlutverk alveg á hreinu leystist verkefnið fljótt og vel.



Flugslysæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Björgunarstjóri – Þórarinn Þórisson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Slökkvilið. Björgunarsveit. Sjúkraflutningamenn.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á slysavettvangi.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur var mjög góður og markviss hefði mátt brýna betur fyrir viðbragðsaðilum að bíða í 5 til 7 mínútur eftir að útkall kemur til að líkja eftir Rauntíma og að fara ekki útá braut fyrr enn vettvangur er tryggður. Því sjúkrabíll og björgunarsveitar bíll voru komnir inná svæði á undan slökkviliði. Fara líka betur yfir samvinnu björgunarstjóra og flutningsstjóra út á slysasvæði Þess vegna tel ég brýnt að það fari 2 frá slökkviliði og 2 frá björgunarsveit á námskeið í björgunarstjórn. Það

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Það var unnið vel úr þeim verkefnum sem komu upp. Björgunarstjóri hefði átt að koma sér upp aðstoðarmanni til að ná betri yfirsýn yfir vettvang. Talning á slösuðum hefði mátt vera markvissari á vettvangi. Svo er spurning um hvort sá sem er á slökkvibíl ætti að vera björgunarstjóri vegna þess að hann er upptekin við að hefja fyrstu björgunarstörf á vettvangi með reykköfunartæki á sér og er ekki í sambandi við vettvangsstjórn fyrstu 10 til 15 mín slys.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Mér fannst ganga vel að slökkva elda í upphafi og klippa fólk út úr flökunum og koma slösuðum á söfnunarsvæði. Fjarskipti voru ágætt en hefðu getað verið betri því oft var talað ofaní samskipti mín við vettvangsstjórn

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Það kom berlega í ljós að klippur slökkviliðs eru og litlar og eru 10 ára gamlar Þarf að endurnýja þær

Flugslysaæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Heilsugæslan, sjúkraflutningar – Guðrún Hildur og Brynja

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Heilsugæslan N-þing, sjúkraflutningamenn, skyndihjálparhópur
Rauðakrossins á norðurlandi, Björgunarsveitir: Hafliði, Pólstjarnar, Núpar.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Söfnunarsvæði slasaðra í flugstöðvarbyggingunni

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Aðhlyningarstjóri hefði mátt spyrja fleiri spurninga varðandi framkvæmd æfingarinnar í heild sinni. T.d. varðandi brottflutning sjúklinga af svæðinu. Eins hefði verið gott að skrá niður notkun á búnaði upp á seinni tímann. Mætti setja umsjónarmann fyrir hvert litasvæði til að hafa yfirsýn Einnig mætti bæta útbúnað vegna flokkunarspjalda og miða leikara, en þetta vildi týnast.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Misfórst að bera á milli þegar „pappírs“ lækna og hjúkrunarfólk var komið á staðinn. Einnig að tilkynna þegar sjúklingar færðust á milli flokka.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur tókst mjög vel og kennsla í flokkun og greiningu svo og notkun á búnaði skilaði sér vel á æfingunni. Þátttakendur voru vel upplýstir að mestu leiti um framkvæmd áætlunarinnar og voru samskipti og samvinna mjög góð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Allir aðilar unnu mjög vel saman og fjarskipti gengu vel.

Flugslysaæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Björgunarsveitin Hafliði – Guðni Örn Hauksson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Slökkvilið, Sjúkraflutningar, Heilsugæsla, Rauði krossinn, Pyrla og Björgunarsveitir.

Við aðstoðuðum við aðhlyningu og frágang slasaðra á vettvangi, flutning slasaðra, aðhlyningu á söfnunarsvæði. Sáum um leit að týndum farþegum með þyrlu. Aðstoðuðum gæslustjóra eftir þörfum.

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á slysavettvangi og hjá söfnunarsvæði slasaðra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Þyrfti að skipuleggja betur fyrirfram hvaða hlutverki hver björgunarsveitarmaður gegnir. Ath. þó að þeir þurfa að vera hreyfanlegir og ganga í mörg verk eftir beiðnum og þörfum. Ath. þó að Björgunarstjóri er verkstjórinn.

Við þurfum að lesa Flugslysaáætlunina eða kynna okkur hana betur, ekki allir gerðu það þrátt fyrir ábendingar þar um. Í henni kemur fram hvaða hlutverk hver eining hefur.

Búnaður fór á flæking í tiltekt eftir æfingu. Úr því var þó greitt að lokum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Þyrftum að merkja búnaðinn okkar betur, t.d. hálskraga og annan lausan búnað.

4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Flestir félagar voru með námskeið í 1. hjálp og/eða skyndihjálpi og sú þjálfun sem var á undirbúningskvöldunum var góð viðbót við það. Við vorum því nokkuð örugg með frágang sjúklinga.

Tókum birgðir af teppum með okkur og þau komu sér mjög vel.

Flugslysaæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Flugturn - Sólveig

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

AFIS starfsmaður

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Boðun til neyðarlínu, síðan slökkvistörf í 10 mín. Svo í turni eftir það.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Hefði þurft meiri æfingu við að fara í reykköfunartæki.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Ekkert sem varðaði flugturn.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Undirbúningur var góður í alla staði að mínu mati.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

Boðun gekk vel hjá turni og einnig fjarskipti meðan á æfingu stóð.



Flugslysæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Rauði krossinn – Halldóra Gunnarsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Þórshafnardeild Rauða krossins

3. Hvar var viðkomandi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á söfnunarsvæði slasaðra

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Hefðum átt að leggja ennþá meiri vinnu í að fá sjálfbodaliða inn á fræðsluna sem RKÍ kom með, og um leið til liðs við okkur. Ýmsar leiðir hefðu verið færar, þó „maður á mann“ aðferðin sé yfirleitt best.

Hefðum við ákveðið fyrr að opna fjöldahjálparstöð í grunnskólanum hefðum við náð betur til starfsfólks skólans.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- 1) Fyrir kom að grænir voru skildir eftir í reiðileysi úti við dyr á greiningarsvæðinu. Við á græna svæðinu veltum fyrir okkur hvort við ættum að að sækja þá, og vaða í gegnum greiningarsvæðið, þar sem var þröngt og allt í ani. Þegar við sáum að enginn sinni þessum grænu þolendum (eðlilega þar sem verið var að greina rauða og gula) ákváðum við að gera það. Þarna gerðist tvennt: Sá sem kom með þolendur að utan og inn á greiningarsvæðið, (væntanlega Björgunarsveitin) átti að sjá til þess að allir kæmust í einhverjar hendur. Og Rauði krossinn stal þeim grænu framhjá greiningu. Í því tilviki eigum við á græna svæðinu að fá greiningu læknis um leið og það er hægt. Og það gerðum við reyndar, þó við værum ekki fyllilega meðvituð um hvað við höfðum gert.
- 2) Græna svæðið á söfnunarsvæði slasaðra er lítið og búast má við að grænir þurfi að bíða þar lengi. Það er ekki góð tilhugsun. Mér finnst skoðandi að flytja þá í fjöldahjálparstöð í grunnskólanum, þar sem þeir fá sömu eða betri umönnun við miklu betri aðstæður, meðan þeir bíða eftir flutningi með flugi eða bíl á sjúkrahús.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- * Rauða kross fræðslan var góð uppriðjun.
- * Við erum ánægð með nýja sjálfbodaliða sem okkur tókst að ná í.
- * Gott að yfirfara neyðarvarnaskápana fyrirfram og fá áfyllingu með ráðgjafa Rauða krossins.
- * Rauða kross fólk hittist í morgunmat um morguninn, fór yfir verkefnið og skipulagði sig. Þetta var mjög fróðleg morgunstund og góð.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis á æfingunni sjálfri:

- * Við héldum ró okkar og vorum yfirvegð.
- * Við notuðum tækifærið allan tímann til að rifja upp, læra, spyrja, taka eftir, tala saman og fræða hvert annað.
- * Við lékum skyndihjálp. Þó við værum allslaus á græna svæðinu (sem var athugaleysi) og gætum ekkert gert í raun og veru, fórum við í gegnum hvað við myndum gera í hverju tilviki með þolendum. Það var ágætis upprifjun þrátt fyrir allt.
- * Frábært að geta æft opnun fjöldahjálparstöðvar í grunnskólanum á Þórshöfn! Þó Rauðakross deildin geti auðvitað æft sig sjálf, er þetta meiri þrýstingur og nær raunveruleikanum en flest annað. Ýmislegt lærðist af því, sem nýtist okkur í öllum tilvikum þar sem opna þarf fjöldahjálparstöð, ekki bara við flugslýs. Mjög dýrmætt!



Flugslýsaæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Rauði krossinn, fjöldahjálp, aðstandendur – Jón Brynjar Birgisson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Rauði krossinn á Þórshöfn, skyndihjálparhópur Rauða krossins á Norðurlandi

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á SSS og í fjöldahjálparstöð

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Engar athugasemdir.

Söfnunarsvæði aðstandenda var ekki æft svo neinu nemur. Slíkt er þó eðlilegt á fámennari stöðum þar sem mikil þörf er fyrir hjálparlið í aðhlynningu, a.m.k. meðan mesta álagið gengur yfir.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Rauði krossinn á Þórshöfn er full fámennur. Leggja þyrfti áherslu á að fjölga fólki austarlega í Þingeyjarsýslum. Auka þarf þjálfun fólks í skyndihjálp. Það á þó ekki við um skyndihjálparhóp Rauða krossins.

Nokkrum minna þjálfuðum sjálfbóðaliðum fannst eins og þeim væri hent út í djúpu laugina á SSS. Kraftar þeirra nýttust samt vel á græna svæðinu í flugstöðinni.

Aðstoðarskólastjórinn braut nögl við að draga Rauða kross fána að húni í fjöldahjálparstöðinni. ☺

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Landsskrifstofa Rauða krossins var með fjöldahjálparnámskeið vorið 2012 á Þórshöfn og upprifjun daginn fyrir æfingu. Fræðslan sannaði sig vel á æfingunni.

Hópurinn sem tók þátt í æfingunni var vel stemmdur.

Vegna rólegheita í fjöldahjálparstöðinni skapaðist tækifæri til að fara yfir neyðarvarnaáætlun Rauða kross deildarinnar og kynna starfsemina fyrir samstarfsaðilum Rauða krossins, þ.á.m. skólastjórnendum.

Allir útskrifaðir sjúklingar voru sendir í gegnum fjöldahjálparstöðina. Það var í raun ekki í samræmi við raunveruleikann en gaf samt sjálfboðaliðunum í fjöldahjálparstöðinni tækifæri til að æfa sig.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Boðun gekk vel.

Viðbrögð voru að mestu fumlauð.

Samstarf Rauða krossins við aðra samstarfsaðila var til fyrirmyndar.

Skyndihjálparhópur Rauða krossins á Norðurlandi sýndi sig sem raunverulegt afl sem þyrfti að kynna betur innan umdæmanna og skrifa jafnvel inn í áætlanir.

Flugslýsaæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Heilbrigðisstarfsmenn – Bára Benediktsdóttir og Björg Sigurjónsdóttir

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Heilbrigðisstofnun Norður Þingeyinga
Rauði kross Íslands
Björgunarsveitir Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi og SSS í flugstöðvarbyggingunni

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Setja klukku upp á vegg í áverkamati til að auðvelda tímaskráningu.

Í áverkamati vantaði í sumum tilfellum bráðaflokkunarspjöld. Gott ef ein flokkunartaska væri til á heilsugæslunni.

Hefði mátt merkja Aðhlyningarstjóra og stjórnandi lækni betur. E.t.v. með áberandi húfu.

Hefði mátt tilnefna ábyrgan starfsmann yfir hverju svæði. Rauður-Gulur-Grænn

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Lélegt tetra samband á heilsugæslustöð – neyðarlínan

Vantar headset (heyrnartól) á allar tetrastöðvar til þess að koma í veg fyrir hávaðann sem varð á SSS

Hefði mátt nýta betur dýnur sem voru hugsaðar til að setja undir sjúklinga sem lágu úti í snjónum á vettvangi.

Hefði e.t.v. mátt flytja þá sem lágu úti fyrr í skjól.

Hefði mátt passa betur að hafa bráðaflokkunarspjöldin sýnileg svo sjúklingar séu ekki álitnir látnir þegar búið var að breiða yfir þá teppi

Útskrifaðir sjúklingar voru ekki físið fluttir af SSS – olli ruglingi inni á SSS

Ósýnilega hjálpin sem kom annars staðar frá - hefði mátt merkja leikmenn sem hjúkrunarfræðinga og lækna sem komu frá öðrum stöðum.

Í einhverjum tilfellum voru sjúklingar fluttir á SSS en enginn ákveðinn tók við þeim.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Góður undirbúningur hjá starfsfólki heilsugæslunnar. Mikill áhugi og samstarfsvilji.

Mætt vel á alla fræðslu af heilbrigðisstarfsfólki, björgunarfólki, rauða krossinum o.fl

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Gott skipulag á vettvangi.

Frábær samvinna á milli sjúkraflutningsmanna frá Raufarhöfn, Kópaskeri og Þórshöfn úti á vettvangi.

Samvinna allra aðila til fyrirmyndar (björgunarsveitir, RKÍ og heilbrigðisstarfsfólks).

Heilbrigðisstarfsfólk fluttist fljótt af vettvangi og yfir á SSS.

Starfsfólk allt yfirvegað og vann skipulega á SSS

Vinnusemi bæði á vettvangi og SSS. Allir voru að vinna alltaf.



Flugslysaæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni) og Ráðgjafi/ar:

Slysavettvangur – Eðvald Lúðvíksson, Georg Arnar Þorsteinsson og Veigar Þór Guðbjörnsson

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Flugvallarstarfsmenn, Slökkvilið Þórshafnar, Lögreglan, Björgunarsveitir og sjúkraflutningar.

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Vorum á slysavettvangi.

4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það má brýna fyrir starfsmönnum Þórshafnarflugvelli að það sé gott að allir séu tilbúnir í neyðartilfelli og sá tími sem þau hafa (3mín) er fljótur að líða, og það er mjög gott fyrir starfsmenn að vera með gátlista fyrir starfsmann í turni, og starfsmann Nordair í sal, það væri gott að hafa kerru til að setja börur og annan búnað á. Það kom í ljós að það þarf að æfa meira að sprauta úr slökkvibíl (monitor), leggja handlínu, klæða sig í galla og setja á sig reykköfunartæki, leggjum til að æft verði vikulega þangað til starfsmenn eru ornin fljótir og öryggir með þennan þátt. Klippuvinna á flugvélabúk tók nokkurn tíma, sennilega út af því að tæki eru orðin gömul og lúin. Það þarf að æfa klippuvinnu reglulega.

Slökkvibíll var ekki eins og maður vill sjá hann, rennihurðar stífar, stýrisbúnaður fyrir þakbyssu laus þannig að erfitt var að vinna með honum, eldsneytistankur 1/2 þegar bíll var skoðaður sem er ekki gott, ef það er þörf á mikilli vinnu með bílinn er hann fljótur að verða tómur.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

Að okkar mati eftir að eldur var kveiktur tók 3 mín að fá vatn á monitor sem er í lagi en það tók 4 mín og 53 sek að vatn á handlínu, þeim var bent á setja á sig reykköfunartæki og það leið 6 mín og 37 sek, eftir það gekk það mjög vel að slökkva eldana. Þegar bíll tæmdist þá var tekið af honum öll tæki sem þurfti við klippuvinnu og var þá kominn nokkuð margir slökkviliðsmenn og hefði mál láta nokkra fara að hlúa að slösuðu fólki. Unimog kom þá að eldinum og tók það nokkurn tíma að koma vatni á slöngu og setja á sig reykköfunartæki, þetta er sennilega æfingarleysi á þennan bíl, svo það mæti æfa sig reglulega á þennan bíl, því ef aðalbíllinn bilar þá yrði þessi fenginn að láni á meðan.

Björgunarstjóra var bent á að það væri gott að vera með aðstoðarmann sér við hlið, vonandi verður það gert í framtíðinni, björgunarstjóri þarf að vera meiri sýnilegur, björgunarstjóra var bent á að setja einn mann yfir klippuvinnu og gekk það vel, og það létti vinnu og hlaupum á björgunarstjóra. Talstöðvar mál hefðu mátt vera betri á milli slökkviliðsmanna og það kom í ljós að sér rás hefði mál vera á milli björgunarstjóra og vettvangsstjóra.

5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Það gekk mjög vel að setja upp slysavettvanginn og þakka ég slökkvistjóra fyrir hjálpina við það.

Slökkviliðsmenn tóku mjög góðan þátt í fræðslu og umræðum og voru mjög áhugasamir.

Björgunarstjóra gekk vel í heildina og það var ansi mikið á hans könnu t.d að byrja aðgerðir og skipuleggja fyrstu árás á eldinn, hann verður líka að vera í sambandi við neyðarlínu og vettvangsstjórn, en með meiri æfingu og þjálfun verður hann mjög fær í þessu og við þökkum innilega vel fyrir góða samvinnu.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis



Flugslysaæfing Þórshöfn 2013 - Skýrsla lausnaraðila

Rýnifundur starfsfólks Heilsugæslunnar á Þórshöfn eftir flugslysaæfingu 20. apríl 2013

- Mikilvægt að bæta merkingar heilbrigðisstarfsfólks – hvít vesti með vösum og áprentuðu hlutverki hvers og eins.
- Áður en að stjórnandi greiningarsveitar (vaktlæknir eða staðgengill hans) yfirgefur vettvang (fer inn á SSS með fyrsta sjúkling) þarf hann að afhenda bráðaflokkun ákveðnum aðila t.d. sjúkraflutningamanni sem hefur þá ábyrgð á að forgangsraða sjúklingum og tilkynna þá til aðhlyningar- og flutningastjóra.
- Samskipti við aðhlyningarstjóra þurfa að vera skýr – passa sérstaklega upplýsingar um:
 - Fjölda sjúklinga í hverjum flokki (rauðir, gulir, grænir, svartir)
 - Forgangsröðun sjúklinga af vettvangi og inn á SSS
 - Beiðnir eftir búnaði og mannskap
- Skipa þarf ábyrgðaraðila yfir hverju svæði á SSS fyrir sig (ef mannskapur er nægur). Sá sér um að koma upplýsingum til aðhlyningarstjóra um þörf á búnaði, forgangsröðun sjúklinga í flutning, breytingu á flokkun o.s.frv.
- Læknir þarf að gæta vel að halda yfirsýn á SSS
 - Fara á milli svæða/sjúklinga
 - Koma að meðferðarákvörðunum
 - Ábyrgðaraðilar yfir svæðum á SSS þurfa að koma upplýsingum til hans um breytingu á ástandi sjúklinga
- Gott væri að fá fleiri sjúkraflutningamenn inn á SSS en þó þurfa alltaf að vera amk 2 úti á vettvangi.
- Klukku vantar í móttöku í flugstöð fyrir þá sem skrá sjúklinga inn/út og fyrir meðferðaraðila í áverkamati.
- Gæta þarf að fara eingöngu í ÁVERKAMAT í móttöku, gera SKOÐUN á SSS
- Nálabox og poka undir sóttmengað þarf að hafa í flugstöð/á SSS
- Gott væri að hafa yfirlitsblað yfir hvert svæði fyrir sig (rautt, gult, grænt) á SSS til að auðvelda yfirsýn yfir sjúklinga og ástand þeirra.
- Heilbrigðisstarfsfólk þarf að læra betur á Tetra talstöðvar – einnig vantar heyrnartól á talstöðvar til að minnka hávaðaáreiti og auðvelda samskipti.

- Aðrir viðbragðsaðilar skulu gæta að hleypa heilbrigðisstarfsfólki ávallt að slösuðum og fara eftir þeirra fyrirmælum t.d. ná í búnað eða aðstoða við umönnun eftir getu.
- Gott væri fyrir heilsugæsluna að hafa sérstakan lager fyrir hópslys t.d. af hálskrögum og spelkum, þar væru einnig geymd vesti til merkingar starfsfólks, viðbragðsáætlun, varabatteri fyrir talstöðvar o.fl.



Matsblað vegna flugslysaæfingarinnar ÞÓRSHÖFN 2013

1. Hvernig fannst þér staðið að undirbúningi æfingarinnar?

a. Upplýsingamiðlun um undirbúning.

Mjög gott **14** Gott **7** Sæmilegt **1** Slakt **0** MJög slakt **0**

b. Fræðsla og þjálfun í aðdraganda æfingarinnar (vikur / mánuðir fyrir æfinguna).

Mjög gott **6** Gott **10** Sæmilegt **6** Slakt **0** MJög slakt **1**

c. Fræðsla og þjálfun fimmtudag – föstudag fyrir æfingu (í æfingarvikunni).

Mjög gott **18** Gott **4** Sæmilegt **0** Slakt **0** MJög slakt **0**

d. Innri undirbúningur minnar starfseiningar.

Mjög gott **5** Gott **9** Sæmilegt **3** Slakt **3** MJög slakt **0**

2. Hvernig fannst þér staðið að framkvæmd æfingarinnar?

a. Uppsetning björgunar- og slökkvívettvangs.

Mjög gott **11** Gott **12** Sæmilegt **0** Slakt **0** MJög slakt **0**

b. Förðun og áverkar sjúklinga.

Mjög gott **18** Gott **4** Sæmilegt **0** Slakt **0** MJög slakt **0**

c. Leikur sjúklinga / aðstandenda.

Mjög gott **20** Gott **3** Sæmilegt **0** Slakt **0** MJög slakt **0**

3. Annað sem þú vilt taka fram?

„Ekki nógu góð verkstýring innan björgunarsveitar/einingarinnar. Vantar að undirbúa fólk og setja það inn í sín hlutverk. Einnig markvissari fyrirmæli fyrir nýliða og starfskraftarnir nýttir almennilega „Nýliðarnir mættu fá að fara með reyndari og læra af þeim. Annars mjög gott“ „Mjög góð æfing í alla staði“ „Nauðsynlegt munnleg samskipti að séu greidd/á SSS mikilvægt að aðhl. haldi yfirs. og stjórn“ „Aðilar voru komnir inn á ótryggðan vettvanginn“ „Vantar betri undirbúning fyrir nýliða björgunarsveita td. að fá að vera með meiri æfðari mönnum innan sveitarinnar og betri stjórnun á vettvangi“

Viðrunarfundur í lok flugslýsaæfingar á Þórshafnarflugvelli.

- Árni Birgisson, æfingastjóri þakkaði viðstöddum fyrir nýliðna æfingu sem í öllum megindráttum hefði gengið vel. Þetta væri þriðja æfingin sem haldin hafi verið á Þórshafnarflugvelli og ekki væri neinn vafi að miklar sjáanlegar framfarir hefðu orðið frá fyrstu æfingunni. Hugmyndin væri að menn skoðuðu stóru myndina. Þetta væri ekki úrvinnslufundur haldinn rétt í lok æfingar og því aðeins hægt að tæpa á því sem efst væri í huga manna og að úrvinnslan sjálf færi fram í framhaldi af þessum fundi þegar menn settust niður og kláruðu skýrslur um æfinguna. Á fundinum yrðu dregin fram stóru lærdómsatriðin æfingarinnar. Þeir sem flyttu skýrslur á fundinum væru verkþáttastjórar og aðrir stjórnendur en orðið yrði laust að því loknu.
- Hreiðar Hreiðarsson lögregluvarðstjóri á Húsavík, fulltrúi vettvangsstjórnar. Byrjaði á því að flytja kveðjur frá Svavari Pálssyni, sýslumanni á Húsavík með bestu þakki til allra fyrir þátttöku í æfingunni. Hann átti ekki heimangengt því hann lá í veikindum. Hreiðar kvað ekki mikið hægt að finna að æfingunni. Örlítið rugl í fjarskiptum fyrstu mínúturnar, smávægilegir hnökrar í verkaskiptingum í vettvangsstjórninni í byrjum en þetta skrifaðist á eðlilegt kaos sem er alltaf á fyrstu mínútum aðgerða. Talning inn á söfnunarsvæðið var góð en örlítill ruglingur með útstreymi sem hefði skapast af umgangi þeirra sjúklinga sem þegar hefðu lokið hlutverki sínu. Flutningar á vettvangi hefðu gengið vel svo og fjarskipti. Annars væri fátt hægt að finna að sem máli skipti og samskiptin við aðgerðastjórn hefðu verið ágæt.
- Þórarinn J. Þórisson björgunarstjóri:
Heilt yfir fannst mér æfingin ganga vel. Var dálítið einangraður vegna þess að ég var með reykköfunartæki sem fyrsti viðbragðsaðili á vellinum og því tók það nokkra stund að ná tengslum við vettvangsstjórn og yfirliti yfir svæðið. Slökkvippátturinn gekk vel og eins vinna á vettvangi. nokkrir hnökrar voru á klippivinnu, kannski of margir í verkinu og klippurnar réðu illa við verkefnið. Hefði kannski átt að fara fyrr í að gera söfnunarsvæði á slysstað. Heilt yfir gekk þetta vel.
- Guðrún Hildur Bjarnadóttir ljósmóðir og aðhlyningarstjóri:
Nota hefði frauðdýnurnar sem voru á vettvangi til þess að einangra þolendur frá snjónum. Merkingar vantar á aðhlyningarstjóra og lækni. Ábending til Isavia um að stærri flugstöð hefði verið þægilegri, því plássið var of lítið. Annars gekk þetta allvel.
- Hjörtur Davíðsson lögreglumaður á Vopnafirði gæslustjóri, verndun, gæsla, talning:
Mér fannst þetta frábært. Þetta er fyrsta æfingin mín og mun hún gagnast mér vel fyrir æfinguna á Vopnafirði á næsta ári. Það sem helst fór úrskeiðs var talningin. Hún var rétt inn á SSS en röng út. Annars gekk þetta ótrúlega smurt.
- Karl Áberg Steinsson björgunarsveitinni Hafliða, flutningastjóri:
Fór aðeins útfyrir hlutverk mitt og fór að hjálpa Hirti í talningunni. Hvatti

björgunarsveitina til þess að skoða hlutverk sitt í æfingum og koma upp stjórnendum til dæmis flutningastjórum. Hvatti alla til þess að lesa flugslysaáætlunina til þess að menn gerðu sér betri grein fyrir hlutverkum og verkefnum.

- Halldóra Guðmundsdóttir talar fyrir Rauða krossinn:
Þakka fyrir frábæra æfingu. Við vorum átta frá Rauða krossinum þar af tveir í fjöldahjálparstöð í skólanum og fimm á flugvelli. Verkefnin voru margvísleg, sumir voru að stökkva út í djúpu laugina en allir höfðu þetta af og voru fróðari á eftir. Það að æfing skuli vera framundan skapar þrýsting á alla að skoða sín innri mál og hefja undirbúning og það er af hinu góða.
- Vigdís Agnarsdóttir, ráðgjafi leikara:
Bað alla að klappa fyrir leikurunum sem hefðu verið með erfitt hlutverk á æfingunni. Allir klöppuðu. Sjúklingarnir stóðu sig frábærlega, lifðu sig inn í hlutverkin og létu björgunarmenn heyra það ef þau fengu ekki athygli nótu fljótt. Hluti þessara leikara sá einnig um að farða en þeir fengu kennslu í því í gærkveldi. Leikararnir höfðu yfir engu að kvarta varðandi umönnunarþáttinn og hrósuðu björgunarfólki fyrir þeirra þátt.
- Bára Benediktsdóttir, ráðgjafi heilbrigðismála:
Þakkaði þátttakendum fyrir samveruna og að hafa fengið að vinna með þeir þessa undanfarna daga.
- Rögnvaldur Ólafsson, almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, ráðgjafi í aðgerðar/vettvangsstjórn:
Vildi nota tækifærið og þakka fyrir samveruna. Mynnti já að fólk læsi flugslysaáætlunina. Mynnti einnig á að þótt að þetta hefði verið enn ein flugslysaæfingin þá væri þetta í eðli sínu hópslysaæfing og hún nýttist í hverskyns vá sem yfir gæti dunið. Bað um að ef einhverjar athugasemdir kæmu fram vegna flugslysaáætlunar þá yrðu þær sendar sem fyrst til þeirra og einnig að efni og myndir yrðu sett á „facebook“ síðu almannavarnardeildar.
- Eðvald Lúðvíksson, ráðgjafi slökkvi- og björgunarmála og uppsetning vettvangs:
Þakkaði slökkviliðsmönnum sérstaklega fyrir góða samvinnu. Menn voru móttækilegir og framsæknir í aðgerðum og við ráðgjafar sem með mér unnu þökkum fyrir samveru og samvinnu.
- Þorlákur Snær Helgason, þjónustustjóri umdæmis þrjú hjá Isavia:
Skilaði góðum kveðjum frá Hjördísi Þórhallsdóttur umdæmisstjóra Isavia á Norðurlandi en hún vildi þakka öllum þeim sem komu að æfingunni. Þorlákur þakkaði síðan heimamönnum kærlega fyrir samvinnuna fyrir hönd Isavia og ráðgjafa.
- Kristín Thorberg í aðhlyningarhópnum:
Vildi þakka leikurunum sérstaklega vel fyrir þeirra þátt. Lagði til að áverkalýsingar

sem fylgdu leikurum yrðu plastaðar og fest við sjúklinga því að nokkuð hefði verið um að áverkamiðar hefðu eyðileggst eða fokið í burtu.

- Jón Ásberg, slökkvistjóri á Húsavík:
Sagðist hafa komið sem áhorfandi sem vildi læra því að þeir á Húsavík ættu von á flugslysaæfingu í haust. Vildi koma með ábendingu um að það hefði verið mikill hávaði, erill og truflun af fjarskiptatækjum á söfnunarsvæði slasaðra. Lagði ákveðið til að þau yrðu sem allra flest búinn heyrnartækjum sem myndi bæði leysa hávaðavandamálið og hjálpa notendum við að heyra skilaboð.
- Gunnálfur Lárusson, sveitarstjóri:
Mér fannst þetta meiriháttar flott og vel skipulagt. Takk fyrir að hafa verið boðinn sem gestur á æfinguna. „Takk og hér með er æfingunni slitið“.